

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 369. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 23. mars 2023 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 169. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 21. mars 2023.
- 2) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 7. mars 2023.
- 3) Fundargerð 11. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 7. mars 2023.
- 4) Fundargerð 202. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 14. mars 2023.
- 5) Fundargerð 180. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 15. mars 2023.
- 6) Fundargerð 919. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. febrúar 2023.
- 7) Fundargerð 920. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. mars 2023.
- 8) Fundargerð 450. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 17. febrúar 2023.
- 9) Dagskrá aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands, dags. 22. mars 2023.
- 10) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 1. mars 2023, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Vetrarþjónustunnar ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, að Jaðri 2 á Arnarstapa, Snæfellsbæ.
- 11) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 8. mars 2023, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Ólafsvík Guesthouse ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund B-sterra gistiheimili, að Brautarholti 7, e.h. í Ólafsvík, Snæfellsbæ.
- 12) Bréf frá Eyja- og Miklaholtshreppi, dags. 13. mars 2023, varðandi skólamál.
- 13) Bréf frá Innviðaráðuneytinu, dags. 15. mars 2023, varðandi hvatningu vegna tillagna verkefnisstjórnar um bætta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.
- 14) Bréf frá íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, dags. 10. mars 2023, varðandi Heilsueflandi samfélag.
- 15) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. mars 2023, varðandi betri vinnutíma í leikskólum.
- 16) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 21. mars 2023
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 169169. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 21. mars 2023 og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Ragnar Már Ragnarsson, Hildigunnur Haraldsdóttir, Birgir Tryggvason, Eiríkur Böðvar Rúnarsson og Matthías Páll Gunnarsson.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Fjarfundur.

Dagskrá:

1. ASK_Óveruleg breyting aðalskipulags á Ölkeldu - 2303016

Tillaga kynnt að óverulegri breytingu aðalskipulags á Ölkeldu.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir fristundabyggð F-4 við Staðará í landi Ölkeldu og að þar geti orðið allt að 6 fristundahús, en þar eru tvö hús nærri Staðará. Eftir breytingu verði heimilt að ganga frá deiliskipulagi fyrir allt að 7 lóðum á breytingarsvæði fjær. Þá geta orðið allt að 9 fristundahús á svæðinu. Ný byggð verði öll utan 50 m helgunarlínu frá árbakka og engin uppbygging verði á núverandi reit nema utan 50 m línu frá ánni.

Samþykkt

2. Hótel Arnarstapi_Umsókn um byggingarleyfi fyrir 40 herbergja hóteli - 2303004

Sverrir Hermannsson sækir fyrir hönd Hótel Arnarstapa um byggingarleyfi fyrir 1387 fm, 40 herbergja hóteli á tveimur hæðum á Arnarfelli (L136250).

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir með fyrirvara um að bílastæði sem sýnd eru utan lóðar eru ekki í samræmi við deiliskipulag og að stjórnstöð eldvarnarkerfis verði staðsett í anddyri.

Húsið nær lítillaga út fyrir byggingarreit og telur nefndin að ekki sé þörf á breytingu deiliskipulags eða grenndarkynningu vegna þessa.

Nefndin beinir því til bæjaryfirvalda að ganga þurfi úr skugga um að vatnsveita anni því vatnsmagni sem gert er ráð fyrir í brunahönnun.

Samþykkt

3. Fögruvellir_Umsókn um byggingarleyfi fyrir 45,8 fm gestahúsi - 2303025

Huldís Franksdóttir Daly sækir um byggingarleyfi fyrir 45,8 fm stakri byggingu á lóð sinni að Fögruvöllum, Hellissandi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir Hlíð, Hraunprýði og Hraunási 12 og 13.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Samþykkt

4. Vallholt 26 - Umsókn um leyfi fyrir 20,2 fm geymslu - 2303022

Jóhann Pétursson sækir um byggingarleyfi fyrir 20,2 fm einangraðri og upphitaðri geymslu við hús sitt að Vallholti 26. Geymslan mun vera áföst íbúðarhúsinu ásamt því að notast við uppsteyptan vegg bílskúrsins að Vallholti 24. Undirritað leyfi eigenda bílskúrsins er væntanlegt. Endanleg klæðning á geymslu hefur ekki verið ákveðin en hún mun falla sem best að útliti íbúðarhússins.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir með fyrirvara um að húseigandi að Vallholti 26 uppfylli brunaákvæði varðandi sambyggð hús.

Samþykkt

5. Plássíð, Laugarbrekku - Umsókn um leyfi fyrir breytingum innandyra (áfangi 2) - 2303023

Sótt er um byggingarleyfi fyrir breytingum innanhúss á Plássinu, Laugarbrekku. Áður höfðu tvær íbúðir verið samþykktar en er nú sótt um þær ellefu sem eftir átti að breyta. Samtals er fyrirhugað að hafa 13 íbúðir í húsinu í útleigu til ferðamanna.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu þar sem enn liggur ekki fyrir samningur um nýja vatnsveitu. Einnig þarf að gera nánari grein fyrir brunavörnum samkvæmt byggingarreglugerð fyrir húsnæði í notkunarflokk 4 áður en uppdrætti er skilað aftur inn til yfirferðar.

Hafnað

6. Öxl - Umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir 14,5 ha skógræktarsvæði - 2303015

Björn Jónsson sækir um framkvæmdarleyfi fyrir 14,5 ha skógræktarsvæði í landi Axlar. Vegna nálægðar við friðland verði ekki leyfðar framandi plöntur líkt og segir í aðalskipulagi og umsögn Umhverfisstofnunar. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

7. Grundarslóð 12 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2303008

Magnús Ólafsson sækir um stöðuleyfi fyrir einu hjólhýsi á Grundarslóð 12, Arnarstapa vegna útgerðar sinnar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um nýja staðsetningu í samráði við byggingarfulltrúa þar sem Grundarslóð 12 er í úthlutunarferli.

Samþykkt

8. Grundarslóð 12 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2303009

Ragnar Guðmundsson sækir um stöðuleyfi fyrir einu hjólhýsi á Grundarslóð 12, Arnarstapa vegna útgerðar sinnar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um nýja staðsetningu í samráði við byggingarfulltrúa þar sem Grundarslóð 12 er í úthlutunarferli.

Samþykkt

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

9. Grundarslóð 12 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2303010

Þorgeir Guðmundsson sækir fyrir hönd Merki ehf um stöðuleyfi fyrir einu hjólhýsi á Grundarslóð 12, Arnarstapa vegna útgerðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um nýja staðsetningu í samráði við byggingarfulltrúa þar sem Grundarslóð 12 er í úthlutunarferli.

Samþykkt

10. Mótorkrossbraut austan Rífs - Umsókn um stöðuleyfi fyrir vinnuskúr á bílapani - 2303014

Janus Jónsson sækir fyrir hönd Motorcrossklúbbs Snæfellsbæjar um stöðuleyfi fyrir vinnuskúr á bílapaninu fyrir neðan mótorkrossbrautina yfir sumartímann til þess að bæta aðstöðu starfsmanna, sjálfboðaliða og iðkenda.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

11. SnæHopp ehf. sækir um leyfi fyrir rekstri á stöðvalausri deilileigu fyrir rafskútur í Snæfellsbæ - 2303012

Á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, þann 2. mars 2023, var tekið fyrir erindi frá SnæHopp ehf. varðandi umsókn um leyfi fyrir rekstri á stöðvalausri deilileigu fyrir rafskútur í Snæfellsbæ.

Bæjarstjórn samþykkti erindið fyrir sitt leyti með fyrirvara um jákvæða umsögn umhverfis- og skipulagsnefndar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Jákvætt

12. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2023 - 2302015

- Marbakki

Eigendur óska eftir að fjarlægja núverandi hús vegna ágangs vinds og sjávar og óska eftir að fá að byggja heilsárs íbúðarhús í norðvesturhorni lóðarinnar þar sem land er hærra. Verði fyrirhugað að fara í ferli verði landnotkun breytt við næstu breytingu/endurskoðun aðalskipulags.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í fyrirspurnina og henni beint til tæknideildar til frekari vinnslu og leiðbeiningar til landeiganda.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.

Fræðslunefnd

Dagsetning 7. Mars 2023

Mæting: Sigrún Erla formaður, Margrét Sif ritari, Dagbjört, Patrik varamaður,

Fyrir hönd grunnskólans: Hilmar Már, Lilja Stefánsdóttir og Kristín Helga áheyrnarfulltrúi kennara.

Fundur hófst kl 16:30

Farið var í heimsókn í Grunnskólann í Ólafsvík og á Hellissandi.

Byrjað var að fara yfir starfsemi og húsnæðið í Ólafvík. Virkilega flottur og vel útbúinn skóli. Við erum ánægð að sjá hversu vel gengur að hafa símalausan skóla og heyra hvað nemendum finnst þetta gott skref sem tekið var. Farið var yfir það sem búið er að lagfæra og bæta í byggingunni sem er virkilega gott mál. Einnig var talað um það sem er á döfinni eins og gluggaskipti og fleira.

Farið var inn í eldhúsið sem er að matreiða fyrir hátt í 250 manns og gólfdukurinn þar inni er ekki í góðu standi. Það þarf að skipta um hann og laga eldhúsið til svo gott sé að matreiða þarna inni í samræmi við fjöldann.

Stjórnendur hafa áhyggjur af því ef heilbrigðiseftirlitið mæti á staðinn, að eldshúsinu gæti hreinlega verið lokað vegna ástandsins á dúknum á gólfinu.

Kaffistofa starfsfólks er frekar lítið rými miðað við að þarna koma saman um 30 starfsmenn í kaffitíma.

Skólinn er vel mannaður af menntuðu fólki sem er ánægjulegt fyrir okkar skólastarfsemi og bæjarfélag.

Skólahúsnæðið á Hellissandi er virkilega skemmtileg hönnun á skólabyggingu. Við fórum yfir það sem búið er að gera, það sem verið er að fara í á næstu dögum/vikum og það sem þarf að gera.

Anddyrið er flott og hefur heppnast vel. Búið er að skipta um glugga í nokkrum stofum og stefnan er að klára restina fljótlega.

Það er að koma leki út frá pappa á þakinu og þarf að fara í lagfæringar á þakinu hvernig sem það verður gert og er það í höndum byggingarfulltrúa og hans fólki.

Það er verið að lagfæra húsnæðið að utan, laga múrskemmdir og síðan á að mála bygginguna að utan þegar búið er að laga undirvinnuna svo að málningin haldist betur á.

Fundi slitið kl 18:15

11. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 7. mars 2023 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson, Baldvin Leifur Ívarsson og Ragnar Mar Ragnarsson. Björn Arnaldsson er í fríi. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

1) Björn er í fríi, en sendi neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Verið er að undirbúa vinnu við vatns og rafmagnsbúnað inni.
- b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, verið er að undirbúa næsta áfanga sem er viðbygging og framkvæmdir innan húss.
- c) Vinna við dýpkunarframkvæmdir í innsiglingunni til Rifshafnar er stopp eins og áður hefur komið fram.
- d) Búið er að hanna og teikna stækkun og hækkun á trébryggju við gafl stálpils við Norðurtanga í Ólafsvík. Útboði vegna efniskaupa á festingaeftni þ.e. boltum, snittteinum o.þ.h. er lokið og bærust 4 tilboð. Lagt til að samið verði við Ísól ehf. Verið er að vinna við verklýsingu og útboðsgögn og er gert ráð fyrir að verkið verði boðið út um n.k. mánaðarmót.
- e) Búið er að skipta um og endurbæta götulýsingu á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar við Gilbakka á milli Trébryggju og Suðurpils. Lokafrágangur á götulýsingu er eftir á gatnamótum Norðurtanga og Snoppuvegar í Ólafsvík.
- f) Vegagerðin hefur lagt fram tillögu að endurbótum á sjóvörnum við Marbakka í Staðarsveit og er verið að ræða við húseigendur um málið.
- g) Vegagerðin bauð út þann 16.01. s.l. framkvæmdir við 3 sjóvarnaverkefni í Snæfellsbæ þ.e. við Ólafsbraut og Ennisbraut í Ólafsvík og á Hellnum. Tilboðin voru opnuð þann 31.01. s.l. og bærust 3 tilboð. Vegagerðin leggur til að samið verði við lægstbjóðanda, Flakkarann ehf. á Brjánslæk.
- h) RARÍK er að tengja og ganga frá og nýrri heimtaug í nýtt masturshús við Norðurgarð í Ólafsvík.
- i) Búið er að steypa alla gangstéttina við hafnarhúsið í Ólafsvík, var gert í síðustu viku.

2) Ævar fór yfir framkvæmdir:

- a) Unnið var við Ólafsbraut 23. Lokið við bita í gólfi og gengið frá krossviði í gólfi. Loftið var einangrað. Píparinn er byrjaður að leggja í millibygginguna og rafvirkinn er byrjaður að tengja, en verkið gengur hægt hjá báðum.
- b) Tími hefur farið í vetrarþjónustu undanfarinn mánuð, eða til 23. febrúar þegar snjóa leysti.
- c) Lagaður leki á heimtaug að Arnarbæ á Arnarstapa.
- d) Lagaður var inntakskrani á nýja veitingastaðnum fyrir ofan höfnina á Arnarstapa.
- e) Skipt var um vatnsinntak á Grundarbraut 8.
- f) Vatnsbólið í Ólafsvík er vaktað, það vantar vatn.
- g) Búið er að panta áfellur á þakkant á Ólafsbraut 23 og Þ.B. Borg verktakar eru mögulega væntanlegir í þessari viku.
- h) Lesið var af rafmagni af eignum Snæfellsbæjar í Ólafsvík.
- i) Sölvi er búinn að vera í 10 daga fríi á Tenerife.
- j) Frágangi og viðgerð á jólastkrauti lauk í febrúar.
- k) Hreinsuð var lögn á Gilbakka og Bankastræti upp að Ólafsbraut heim að Norðurtanga.

3) Leifur fór yfir framkvæmdir

- a) Skrifstofa á Jaðri var máluð og sett saman ný húsgögn. Aðstaðan þar er að verða mjög góð.
- b) Verið er að vinna í íbúð 8 á Gufuskálum. Þar var ónýtur veggur, gólfefni og eldhúsinnrétting vegna leka. Jafnframt var málað skýli að norðanverðu og það lagað að innan.

Óvæ

MPG

BH

TR

JK


- c) Mánuðurinn hefur líka farið í önnur mál, s.s. á Jaðri, í leikskólunum og hjá einstaklingum í íbúðum Snæfellsbæjar.
- d) Leifur og Ragnar hafa rætt að fara um svæðið og gera ástandsskoðun og viðhaldsáætlun á stærri eignum sem lögð yrði fyrir hér.
- 4) Vagn fór yfir framkvæmir í skólamannvirkjum:
- Vinna við töluveymisluherbergið í skólanum í Ólafsvík var að klárast.
 - Pantaður hefur verið hitaþráður í þakrennuna í anddyrinu í Ólafsvík. Búið er að panta áfellurnar og þær eru komnar. Ekkert vatn er að koma í kerfisloftið núna þar sem það hefur verið mokað reglulega. Nýjar áfellur ættu að loka þeim stöðum sem leka. Spurning hvort þarf að skoða eitthvað undir plöturnar áður en farið er í að setja áfellurnar á eða setja þær á og sjá hvort það hafi ekki þornað nægilega mikið á milli til þess að engar skemmdir séu undir plötunum.
 - Búið að laga neyðarrofa á sög í smíðastofunni á Hellissandi.
 - Það hefur verið ástand á hitarofunum sem settir voru í gólfíð í anddyrinu á Hellissandi. Píparinn er búinn að koma að skoða þetta, mögulega er thermostatíð bilað, en verið er að reyna að komast til botns í þessu. Spurning hvort skipta þarf um nemana.
 - Mikið umstang í skólanum í mánuðinum, ýmis smáatriði sem hefur þurft að huga að og þau safnast saman.
 - Í febrúar var nóg að gera við að moka snjó og halda aðgengi opnu að skólanum.
 - Það hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að fara mjög reglulega yfir varmadælnar og hreinsa þær. Þær safna ansi miklu af ryki í sig.
 - Í gær kom dúkamaður að skoða þakið á skólanum á Hellissandi og setti bót á þann stað sem verstur hefur verið. Sá hann skemmdir sums staðar á dúknum, sumt er hægt að laga með því að kitta, t.d. í kringum túðurnar.
 - Við erum stopp í gluggasetningum, en verktakar eru væntanlegir í mánuðinum þegar færi gefst, en það má ekki vera of kalt, og veðurspáin gerir ráð fyrir miklum kulda fram yfir miðjan mánuð.
 - Beðið er eftir teikningum að tillögum að nýju þaki á skólann á Hellissandi.
 - Rætt var um eldhúsið í Ólafsvík. Vagn er búinn að teikna upp hugmyndir að breytingum á eldhúsinu og gera kostnaðaráætlun og tímaáætlun, sem hann lagði fram. Kostnaðaráætlunin er upp á kr. 12.578.000.- og tímaáætlunin miðast við 13. mars – 22. maí 2023. Vagn lagði jafnframt fram myndir sem sýna að ástand gólfduksins í eldhúsinu er afskaplega lélegt. Vagn og Ragnar hafa rætt saman og eru á sömu blaðsíðu hvað varðar hugsanlegan kostnað. Vagn vildi að það væri bókað að hann var ósáttur við að ekkert var bókað um ástand eldhússins á síðasta fundi framkvæmdateymisins og að myndir sem hann kom með til bæjarritara voru ekki lagðar fram á síðasta bæjarstjórnarfundi með síðustu fundargerð framkvæmdateymisins. Rætt var um að það þyrfti að sækja um aukafjárveitingu fyrir þessum framkvæmdum, og jafnframt var rætt um það hvenær væri besti tíminn til að fara í þessar framkvæmdir þar sem það þyrfti að loka eldhúsinu í töluverðan tíma vegna þeirra.
- 5) Matthías fór yfir framkvæmdir í íþróttamannvirkjum:
- Í sundlaugarhúsnæði í Ólafsvík voru stíflur í skólplögnum sem búið er að losa. Jafnframt var lagað eitt klósett niðri.
 - Skilti var sett á sánatunnuna, og ýmislegt þarf að dytta að henni.
 - Sett var upp tímaklukka fyrir sundþjálfara.
 - Allar síur í varmadælum voru hreinsaðar, vatnssíur og segulsíur.
 - Haldið áfram að skipta um ljós og tengla í sundlauginni.
 - Haldið áfram að einangra lagnir í sundlaugarkjallaranum þegar tími gefst.
 - Lokið við frágang á eldvarnarhurð í sundlaugarkjallaranum.
 - Í febrúar voru teknir 1000 lítrar af klór sem geymdur er í kompunni úti.

Ónae

Vagn I *ai* *ai*
MPA *ai* *ai*


- i) Í íþróttahúsinu í Ólafsvík hefur loftræstikerfið verið erfitt, mögulega vegna veðurs. Siuvakar segja að siurnar séu stíflaðar, en svo var ekki, enda voru þær settar í í sumar. Spurning hvort þurfi að endursetja vakana.
 - j) Gert var við skúringarvel í íþróttahúsinu.
 - k) Töluverður snjómokstur var í febrúar, bæði af þökum til að minnka leka og af gangstígum til að halda aðgengi opnu.
 - l) Eitt mark eyðilagðist á fótboltavellinum í vetur. Það þarf eflaust að endurnýja það fyrir sumarvertíðina. Það er stundum erfitt að eiga við þjálfara um að ganga vel frá mörkunum eftir æfingar. Það er mikilvægt að festa þau vel niður svo þau fjúki ekki til og skemmist, eða skemmi gervigrasið, þegar hvekkir. Spurning um að fá sérstaka lása fyrir festingarnar og láta þjálfarana bera ábyrgð á því að festa þau eftir æfingar.
 - m) Hleðslan í kringum eitt mastrið er farin að halla. Það þarf að fylgjast vel með hvort hallinn eykst eða hvort hann smelli til baka þegar frost fer úr jörð.
 - n) Hitatúpa í íþróttahúsinu á Hellissandi sló út í vetrarfríinu. Mús fór í víftuna og er hún ónýtt.
 - o) Kominn er tími á ruslaferð úr íþróttahúsinu á Hellissandi.
 - p) Búið er að setja nýtt wifi í leikskólann á Hellissandi. Svo hafa verið hin og þessi verkefni í gangi, tölvuaðstoð og fleira, sem hlaupið hefur verið í þegar tími hefur gefist.
- 6) Ragnar fór yfir ýmsar framkvæmdir:
- a) Unnið er að því að innleiða þjónustugátt fyrir tæknideildina. Sú vinna er á lokametrunum og vonandi verður hægt að taka við nýjum málum er tengjast tæknideildinni í gegnum þjónustugátt í mars. Verður þetta mikil breyting frá því sem nú er og tilheyrir umsóknir á pappírformi brátt sögunni til.
 - b) Verið er að kanna með tilboð í CLT einingar fyrir stækkun á anddyri Jaðars.
 - c) Áætlað er að flekahurðin fyrir grunnskólann í Ólafsvík verði tilbúin til afgreiðslu hjá söluaðila fljótlega eftir páska.
 - d) Búið er að panta nýja glugga í leikskólann á Hellissandi. Áætlaður framleiðslutími er 8-12 vikur.
 - e) Tvö deiliskipulög er í auglýsingaferli þessa stundina, ásamt breytingu á aðalskipulagi. Það er annarsvegar Djúpalónssandur og Krossavíkin.
 - f) Byggingarfulltrúi og umsjónarmaður fasteigna fóru yfir á Lýsuhólsskóla fyrir skemmstu og könnuðu ástandið á þaki millibyggingar, en þar hefur verið töluverður leki í vetur. Unnið er að lausn málsins. Þakmaður kom á Lýsuhól í gær og ætlar Ævar að heyra í honum til að sjá hvað hafi komið í ljós í þeirri skoðun.
 - g) Töluvert hefur verið að gera í stofnun lóða, skráningu fasteigna sem og endurnýjun á eldri lóðaleigusamningum.
 - h) Unnið er að því að lagfæra misræmi í skráningu fasteigna í þinglýsingarhluta og fasteignaskrá og er þetta samstarfsverkefni HMS og byggingarfulltrúa. Stefnt er að því að kára þessa vinnu fyrir haustið 2023.
 - i) Unnið er að smíði nýrra glugga í vestasta húsið á Gufuskálum. Stefnt er að því að hefja vinnu við að skipta þeim út snemma sumars. Unnið er í því að fá iðnaðarmenn í verkið. Það þarf að drífa í að panta grindarefni og annað efni sem þarf í þakið. Efnið er hægt að geyma á Gufuskálum þar til iðnaðarmenn fást í verkið.
 - j) Eins og kom fram á fundi teymisins í nóvember sl. þá stendur til að fara í aðgerðir í sundlauginni í Ólafsvík til að bæta aðgengi fyrir fatlaða. Loka þarf lauginni tímabundið á meðan á framkvæmdum stendur og verður fundinn tími til lokunar í samráði við forstöðumann laugarinnar og skólastjórnendur. Ekki eru um umfangsmiklar framkvæmdir að ræða en nauðsynlegt er að taka niður steypa þröskulda sem eru í klefnum sem kalla á brotvinnu og frágang og því nauðsynlegt að loka lauginni á meðan. Reynt verður að vinna verkið hratt til að stytta lokunina eins og hægt er. Spurning hvort þurfi að skipta um hurð þegar settar verða

Orval

Vagn I


- pumpur á hana og gera jafnframt anddyrið meira aðlaðandi og meira lýsandi fyrir inngang að sundlaug. Það þyrfti líka að setja skilti við innganginn sem gæfi til kynna að þarna sé sundlaug.
- k) Regluleg vinna er við yfirferð teikninga. Eigendur nokkurra stórra verkefna hafa skilað inn teikningum fyrir verkefni sín m.a fyrir iðnaðarhús að Letisundi 2 Rífi og fjölgun hótélherbergja á Arnarstapa.
 - l) Unnið er að undirbúningi vinnuskólans 2023 og verður opnað fyrir umsóknir fyrir sumarstörf á næstu dögum.
 - m) Hafin er vinna við tillögur að nýju deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð fyrir neðan Fossabrekku.
 - n) Hefðbundin dagleg verkefni tæknideildarinnar.
 - o) Verið er að skoða hugsanlega stækkun á leikskólanum í Ólafsvík í samráði við leikskólastjóra.
- 7) Kristinn fór yfir nokkra punkta:
- a) Excelskjalið sem rætt var um á síðasta fundi er ekki tilbúið til útsendingar, en verður það vonandi fyrir miðjan mánuð.
- 8) Næsti fundur verður þriðjudaginn 4. apríl kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:50


Matthías Páll Gunnarsson
Óræðingur
~~Matthías Páll Gunnarsson~~
Baldur L. Jónsson
Ólafur D. Jónsson
Vagn Ingólfsson

Fundargerð 202. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga

Fundarstaður; Fundarstaður: Teams – fjarfundarbúnaður
Dagsetning; þriðjudaginn 14. mars 2023, kl. 16.30

Mættir: Sigrún Þórðardóttir; Ragnheiður Dröfn Benidiktsdóttir, Hermína Kristín Lárusdóttir, Steinunn Alva Lárusdóttir, Steinunn María Þórsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, yfirfélagsráðgjafi FSS og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.

Dagskrá:

Ragnheiður Dröfn, formaður, bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stýrði.

1. Trúnaðarmálefni, skv. barnaverndarlögum

Ingveldur Eyþórsdóttir, yfirfélagsráðgjafi og fagstjóri barnaverndarþjónustu FSS gerði grein fyrir umfangi barnaverndarþjónustu FSS.

2. Undanþága til reksturs barnaverndarþjónustu FSS sbr. breytingar laga nr. 80/ 2002

Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS, gerði grein fyrir tímabundinni undanþágu mennta- og barnaráðherra til FSS, til reksturs barnaverndarþjónustu til 17. janúar 2023, ennfremur að FSS leiti samstarfs við önnur um stofnun byggðasamlags um rekstur barnaverndarþjónustu er uppfylli ný lagaákvæði um 6000 íbúa eða fleiri og taki til starfa við upphaf næsta árs, 2024.

3. Stofnun sameiginlegrar barnaverndarþjónust með öðrum sveitarfélögum

Forstöðumaður upplýsir að stjórn FSS hafi heimilað honum að senda forstöðumanni Velferðarsviðs Borgarbyggðar erindi um viðræður um mögulega stofnun byggðasamlags um rekstur barnaverndarþjónustu Snæfellsness og Borgarbyggðar enda uppfylli samanlagður íbúafjöldi skilyrði um lágmarksíbúafjölda.

4. Ráðning verkefnastjóra innleiðingar samþættra þjónustu til aukinnar farsældar barna

Kynnt er ráðning Sigrúnar Ólafsdóttur í nýtt starf verkefnisstjóra innleiðingar samþættrar þjónustu til aukinnar farsældar barna.

bls. 2

5. Starfsmannamál

Forstöðumaður gerði grein fyrir áætlaðri stöðu starfsmannamála FSS.

6. Á döfinni – stefnumótun nýrra áherslna og fyrirkomulags skólajónustu ríkis og sveitarfélaga og samþættar þjónstu við aldraða íbúa sveitarfélagana.

Sveinn Þór og Ingveldur kynntu áfanga stefnumótunar sveitarfélaganna á Vesturlandi um nýjar áherslur í samvinnu félagsþjónustu og heilsugæslu til fjölþættari og samþættari þjónustu þessara aðila við aldraða íbúa sveitarfélaganna. Ennfremur upphaf stefnumótunarsamráðs mennta- og barnamálaráðherra við sveitarfélögin um eflingu skólajónustu grunn- og leikskóla sveitarfélaga þar sem gert er ráð fyrir stofnun miðlægrar skólajónustu skrifstofu Menntamálastofnunar til að styrkja og samhæfa skólajónustu sveitarfélaganna

7. Önnur mál

- a) Með vísan til efnisatriða 3. og 6. töluliðar fundardagskrár fór fram umræða um hlutverk félagsmálanefndar, m.a. hvort tilefni yrðu til víðtækara og breytts hlutverks nefndar og þá í kjölfarið hvort breyta ætti nafni hennar og hlutverki í sameiginlega velferðarnefnd ellegar velferðarráð Snæfellsness er starfaði undir hatti FSS
- b) Næsti fundur félagsmálanefndar, nr. 203, verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Grundarfjarðarbæjar ellegar um Teamsfjarfundarbúnað þriðjudaginn 4. apríl n.k.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 17.40
Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

Fullgild rafraen undirskrift
ÞORSTEINN NARFASON
Kennitala: 700366-9069
2023-03-15 18:23:24 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
SKÚLI HREINN GUÐBJÖRNSSON
Kennitala: 240165-3179
2023-03-15 18:32:15 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
STEINUNN INGIBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR
Kennitala: 090970-3219
2023-03-15 18:33:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
KRISTINN HALLUR SVEINSSON
Kennitala: 210572-5079
2023-03-15 18:47:13 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
SIGRÚN ÓLAFSDÓTTIR
Kennitala: 220465-5009
2023-03-15 21:40:58 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
TRÁUSTI GYLFASON
Kennitala: 300964-4049
2023-03-16 07:39:11 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
AUÐUR KJARTANSDÓTTIR
Kennitala: 230891-2309
2023-03-16 16:44:04 GMT
Ástæða: Undirskrift



180. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams miðvikudaginn 15. mars 2023 kl. 16:00-18.00.

Mættir: Auður Kjartansdóttir, Kristinn Hallur Sveinsson, Sigrún Ólafsdóttir, Steinunn I. Magnúsdóttir, Skúli Hreinn Guðbjörnsson og Trausti Gylfason.

Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins situr fundinn og ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Gögn fyrir ársfund Heilbrigðiseftirlits Vesturlands
 - a. Ársreikningur heilbrigðiseftirlitsins var lagður fram og kynntur.
Samþykktur með breytingum og sent í rafræna undirritun.
 - b. Framkvæmdastjóri kynnti starfsemi heilbrigðiseftirlitsins árið 2022
2. Umsagnir til sýslumanns

Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi

- 2.1. Umsókn frá Karl Birgir Örvarssyni fyrir hönd BAX ehf, um rekstrarleyfi fyrir hótél – stærra gistiheimili og veitingar. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 120. Jákvæð umsögn send 20. desember 2022.
- 2.2. Umsókn frá Berglindi Ragnarsdóttur fyrir hönd Laugavalla ehf. um leyfi til reksturs gististaðar- frístundahús. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 10. Jákvæð umsögn send 6. febrúar 2023.
- 2.3. Umsókn frá Odd Stenersen fyrir hönd Höepfner ehf um leyfi til reksturs gististaðar í frístundahúsi að Skólasetursvegi 5 í Hvalfjarðarsveit. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 6. Jákvæð umsögn send 17. janúar 2023.
- 2.4. Umsókn frá Hönnu Andrésdóttur fyrir hönd Dreiseam ehf um nýtt rekstrarleyfi fyrir minna gistiheimili með áfengisveitingum í fyrrum íbúðarhúsi í Dal, Eyja- og Miklaholtshreppi. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 10. Jákvæð umsögn send 12. desember 2022.
- 2.5. Umsókn frá Þuríði Maggý Magnúsdóttur um rekstrarleyfi fyrir gistingu í frístundahúsi að Nónhóli á Arnarstapa. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 4. Jákvæð umsögn send 13. mars 2023.

Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi

- 2.6. Tækifærisleyfi vegna söngskemmtunar í félagsheimilinu Þinghamri 14. janúar 2023. Umsækjandi er karlakórinn Söngbræður. Jákvæð umsögn var send 30. desember 2022.
- 2.7. Tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi fyrir skemmtun í félagsheimilinu Brúarási, Borgarbyggð 4. mars 2023. Umsækjandi er Félagshemilið Brúarás ehf. Jákvæð umsögn send 15. febrúar 2023.
- 2.8. Tækifærisleyfi fyrir lengri opnunartíma aðfaranótt 13. febrúar 2023 á Útgerðinni bar, Stíllholti 16-18 Akranesi. Umsækjandi er Ásborg bar ehf. Jákvæð umsögn með skilyrðum send 8. febrúar 2023.
- 2.9. Tækifærisleyfi vegna árshátíðar nemenda í FVA 23. febrúar 2023 haldið í matsal skólans. Umsækjandi er Fjölbrautaskóli Vesturlands. Jákvæð umsögn send 16. febrúar 2023.
- 2.10. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í félagsheimilinu Miðgarði, Hvalfjarðarsveit 18. febrúar 2023. Umsækjandi er Ungmennafélagið Þrestir. Jákvæð umsögn send 3. febrúar 2023.
- 2.11. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í félagsheimilinu Lýsuhóli Staðarsveit 18. febrúar 2023. Umsækjandi er Sigrún H. Guðmundsdóttir. Jákvæð umsögn send 3. febrúar 2023.
- 2.12. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í félagsheimilinu Brautartungu 18. febrúar 2023. Umsækjandi er Ungmennafélagið Dagrenning. Jákvæð umsögn send 2. febrúar 2023.
- 2.13. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í Hjálmakletti Borgarnesi. Umsækjandi er Körfuknattleiksdeild Skallagríms. Jákvæð umsögn send 27. janúar 2023.
- 2.14. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í félagsheimilinu Logalandi 4. febrúar 2023. Umsækjandi er Ungmennafélag Reykdæla. Jákvæð umsögn send 23. janúar 2023.
- 2.15. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í íþróttahúsinu í Stykkishólmi 4. febrúar 2023. Umsækjandi er Magnús Ingi Bæringsson. Jákvæð umsögn send 19. janúar 2023.
- 2.16. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í félagsheimilinu í Miðgarði 28. janúar 2023. Umsækjandi er Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðar. Jákvæð umsögn send 18. janúar 2023.
- 2.17. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í íþróttahúsinu við Vesturgötu á Akranesi 21. janúar 2023. Umsækjandi er Veislur og Viðburðir ehf. Jákvæð umsögn send 18. janúar 2023.
- 2.18. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í félagsheimilinu Lindartungu 3. febrúar 2023. Umsækjandi er Ungmennafélagið Eldborg. Jákvæð umsögn send 17. janúar 2023.
- 2.19. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í félagsheimilinu Árbliki 4. febrúar 2023. Umsækjandi er Þorablót Suður-Dala. Jákvæð umsögn send 13. janúar 2023.
- 2.20. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í félagsheimilinu Þinghamri. Umsækjandi er Brynjólfur Guðmundsson. Jákvæð umsögn send 13. janúar 2023.
- 2.21. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í félagsheimilinu Tjarnarlundi 4. febrúar 2023. Umsækjandi er Ungmennafélagið Stjarnan. Jákvæð umsögn send 12. janúar 2023.
- 2.22. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í félagsheimilinu Dalabúð 21. janúar 2023. Umsækjandi er Herdís Erna Gunnarsdóttir. Jákvæð umsögn send 12. janúar 2023.
- 2.23. Tækifærisleyfi vegna þorablóts í félagsheimilinu Brún 21. janúar 2023. Umsækjandi er Sigurður Guðmundsson. Jákvæð umsögn send 11. janúar 2023.

- 2.24. Tækifærisleyfi vegna dansleiks Menntaskóla Borgarfjarðar í Hjálmakletti 19. janúar 2023. Umsækjandi er MB. Jákvæð umsögn send 10. janúar 2023.
- 2.25. Tækifærisleyfi vegna dansleiks í reiðhöllinni Vindási Borgarnesi 19. apríl 2023. Umsækjandi er Hestamannafélagið Borgfirðingur. Jákvæð umsögn send 14. mars 2023.

Umsagnir/tímabundin leyfi send til sýslumanns vegna lítilla áramótabrenna:

- 2.26 Félagsbúið Miðhrauni, brenna á Miðhrauni Eyja- og Mikaholtshreppi 31. desember 2022.
- 2.27 Ungmennafélag Staðarsveitar, brenna á Kirkjuhól Staðarsveit 30. desember 2022.
- 2.28 Dalabyggð, brenna við höfnina í Búðardal 31. desember 2022.
- 2.29 Björgunarfélag Akraness, brenna á Jaðarsbökkum 6. janúar 2023.
- 2.30 Hjörleifur Vilhjálmsson, brenna við tjaldsvæðið á Varmalandi þann 31. desember 2022.
- 2.31 Sveitarfélagið Stykkishólmur, brenna við tjaldsvæðið Stykkishólmi 6. janúar 2023.
- 2.32 Ungmennafélag Reykdæla, brenna á Tíðamel við Reykholt 31. desember 2022.
- 2.33 Hjálmar Þ. Kristjánsson, brenna á Breiðinni við Rif 31. desember 2022.

Umsókn um leyfi til að brenna sinu.

- 2.34 Umsögn send sýslumanni vegna umsóknar landeiganda um leyfi til að brenna sinu á 13 eyjum í Straumfirði á Mýrum. Umsögn send 15. febrúar 2023 þar sem bent er á að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að aflu þurfi álits frá Náttúrufræðistofnun Íslands vegna umsóknarinnar.

Líðir undir 2. máli voru lagðir fram.

3. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Sveitarfélagið Stykkishólmur

- 3.1 Umsögn um skipulagslýsingu hafnarssvæðisins við Skipavík vegna breytinga á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022, dagsett 11. janúar 2023.

Eyja og Miklaholtshreppur

- 3.2 Umsögn um þrjú deiliskipulög, tvö í landi Miðhrauns2 og eitt vegna íbúðarbyggðar í Laugagerði, dagsett 10. janúar 2023.

Borgarbyggð

- 3.3 Umsögn um breytingu á deiliskipulagi vegna frístundabyggðar í Viðinesi í landi Hreðavatns, dagsett 11. janúar 2023. Umsögn um breytt aðalskipulag vegna málsins send 10. janúar 2023.
- 3.4 Umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Galtarholti 2 ásamt aðalskipulagsbreytingu sem er gerð samhliða, dagsett 14. febrúar 2023.
- 3.5 Umsögn um skipulagsbreytingar í landi Breiðabólstaðar 2 við Reykholt. Annars vegar er um að ræða tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 svo tillögu að deiliskipulagi vegna íbúðarbyggðar. Umsögn er dagsett 1. mars 2023.

- 3.6 Umsögn um skipulagslýsingar fyrir deiliskipulag í Stuttárbotnum, Húsafelli, dagsett 6. mars 2023.
- 3.7 Umsögn um skipulagslýsingar fyrir deiliskipulag frístundabyggðar við Flókagötu í landi Munaðarness, dagsett 7. mars 2023.
- 3.8 Umsögn um skipulagslýsingu deiliskipulags fyrir Englandslaug í Lundareykjardal, dagsett 3. mars 2023.

Akranes

- 3.9 Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Garðabraut 1, dagsett 24. janúar 2023.
- 3.10 Umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2021-2033 og deiliskipulag á Þróunarsvæði C (Smiðjuvallasvæði). Umsögn veitt 13. febrúar 2023.

Grundarfjörður.

- 3.11 Umsögn um skipulagslýsingu fyrir breytt aðalskipulag í Grundarfirði fyrir Framnes. Umsögn send 4. janúar 2023

Skipulagsstofnun

- 3.12 Umsögn um nýjar flæðigryfjur á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit, dagsett 9. febrúar 2023.
- 3.13 Umsögn um framleiðslu á vistvænum orkugjöfum á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit, dagsett 23. febrúar 2023.

Liðir undir 3. máli voru lagðir fram.

4 Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

- 4.3 Dreisam ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Dal 2 í Eyja- og Miklaholtshreppi. Leyfið var gefið út 9. desember 2022 og gildir til 12 ára.
- 4.4 Karvel Hólm Jóhannesson sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Súgandiseyjargötu 8, Stykkishólmi. Leyfið var gefið út 13. desember 2022 og gildir til 12 ára.
- 4.5 Orkan IS ehf. sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir bensínafgreiðslustöð í Baulunni Borgarbyggð. Leyfið var gefið út 16. desember 2022 að undangenginni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er til 12 ára.
- 4.6 Bax ehf. sækir um starfsleyfi fyrir hóteli og matsöluaðstöðu Laugum í Sælingsdal. Leyfið var gefið út 19. desember 2022 og gildir til 12 ára.
- 4.7 Landsnet hf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir aðveitustöð Vatnshömrum, Borgarbyggð. Leyfið var gefið út 30. desember 2022 að undangenginni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er til 12 ára.
- 4.8 Akraneskaupstaður sækir um nýtt starfsleyfi fyrir Klífursal (Íþróttahús) að Smiðjuvöllum 17, Akranesi. Leyfið var gefið út 1. janúar 2023 og gildir til 12 ára.
- 4.9 Sveitarfélagið Stykkishólmur sækir um handhafabreytingu á starfsleyfi fyrir Grunnskólann í Stykkishólmi. Um er að ræða skólahúsnæði, mótuneyti með móttökueldhúsi og opið leiksvæði. Leyfið gildir til 15. október 2033.

- 4.10 Höepfner ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Skólasetursvegi 5, Akranesi. Leyfið var gefið út 17. janúar 2023 og gildir til 12 ára.
- 4.11 Erla Sigurfljóð Olgeirsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir fótaaðgerðarstofu að Kirkjubraut 28, 3 hæð, Akranesi. Leyfið var gefið út 19. janúar 2023 og gildir til 12 ára.
- 4.12 Akraneskaupstaður sækir um nýtt starfsleyfi fyrir opin leiksvæði á Akranesi. Leiksvæðin eru upptalin í viðauka með starfsleyfinu. Leyfið var gefið út 1. janúar 2023 og gildir til 12 ára.
- 4.13 Laugavellir ehf. sækir um starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Laugavöllum, Reykholti Borgarbyggð. Leyfið var gefið út 6. febrúar og gildir til 12 ára.
- 4.14 OR vatns og fráveitur sf. sækja um endurnýjun á starfsleyfi fyrir hreinsistöð og fráveitu á Akranesi fyrir allt að 50.000 persónueiningum af skólpi. Leyfið var gefið út þann 6. febrúar að undangenginni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er til 12 ára.
- 4.15 OR vatns og fráveitur sf. sækja um endurnýjun á starfsleyfi fyrir hreinsistöð og fráveitu í Borgarnesi fyrir allt að 9.900 persónueiningum af skólpi. Leyfið var gefið út þann 6. febrúar að undangenginni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er til 12 ára.
- 4.16 Umhverfistofnun sækir um nýtt starfsleyfi fyrir þjóðgarðsmiðstöð að Sandahrauni, Hellissandi Snæfellsbæ. Leyfið var gefið út 15. febrúar og gildir til 12 ára.
- 4.17 N1 ehf. sækir um starfsleyfi fyrir bensínafgreiðslu að Vesturbraut 10, Búðardal Dalabyggð. Leyfið var gefið út 15. febrúar 2023 að undangenginni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er til 12 ára.
- 4.18 N1 ehf. sækir um starfsleyfi fyrir bensínafgreiðslu að Grundargötu 38, Grundarfirði. Leyfið var gefið út 15. febrúar 2023 að undangenginni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er til 12 ára.
- 4.19 N1 ehf. sækir um starfsleyfi fyrir bensínafgreiðslu að Útnesvegi Hellissandi Snæfellsbæ. Leyfið var gefið út 15. febrúar 2023 að undangenginni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er til 12 ára.
- 4.20 N1 ehf. sækir um starfsleyfi fyrir bensínafgreiðslu að Reykholti, Borgarbyggð. Leyfið var gefið út 15. febrúar 2023 að undangenginni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er til 12 ára.
- 4.21 Borgarbyggð sækir um nýtt starfsleyfi fyrir vatnsveitu Hraunhrepps Vesturhlíð Svarfhólsmúla. Leyfið var gefið út 22. febrúar og er ótímabundið.
- 4.22 N1 ehf. sækir um starfsleyfi fyrir bátaafgreiðslu við Grundarfjarðarhöfn, Grundarfirði. Leyfið var gefið út 23. febrúar 2023 að undangenginni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er til 12 ára.
- 4.23 N1 ehf. sækir um starfsleyfi fyrir bátaafgreiðslu Ólafsvíkurhöfn, Ólafsvík. Leyfið var gefið út 1. mars 2023 febrúar 2023 að undangenginni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er til 12 ára.
- 4.24 N1 ehf. sækir um starfsleyfi fyrir bátaafgreiðslu Akraneshöfn, Akranesi. Leyfið var gefið út 1. mars 2023 febrúar 2023 að undangenginni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er til 12 ára.
- 4.25 N1 ehf. sækir um starfsleyfi fyrir bátaafgreiðslu við Rifshöfn, Snæfellsbæ. Leyfið var gefið út 2. mars 2023 febrúar 2023 að undangenginni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Gildistími er til 12 ára.

- 4.26 Borgarbyggð sækir um nýtt starfsleyfi fyrir opin leiksvæði í Borgarbyggð. Leiksvæðin eru upptalin í viðauka með starfsleyfinu. Leyfið var gefið út 7. mars 2023 og gildir til 12 ára.
- 4.27 Púriður Maggý Magnúsdóttir sækir um leyfi fyrir gististað, frístundahús, að Nónhóli á Arnarstapa, Snæfellsbæ. Leyfi gefið út 13. mars 2023 og gildir til 12 ára.

Liðir undir 4. máli voru lagðir fram.

5 Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- 5.3 Björgunarsveitin Brák Borgarbyggð. Staðfesting á skráningu fyrir flugeldasýningu Vesturnesi Borgarnesi 6. janúar 2023. Auðkennisnúmer skráningar: 322316.
- 5.4 Birgisás ehf. Staðfesting á skráningu fyrir vinnslu fisks og annarra sjávarafurða, Ægisbraut 4 í Búðardal. Auðkennisnúmer skráningar: 321664.
- 5.5 Lionsklúbbur Ólafsvíkur. Staðfesting á skráningu fyrir flugeldasýningu við Hvalsá Auðkennisnúmer skráningar 322201.
- 5.6 Rakarastofa Gísla ehf. Staðfesting á skráningu fyrir hársnyrtistofu á Stekkjarholti 8 á Akranesi. Auðkennisnúmer skráningar: 327507.
- 5.7 JG tannlæknastofa sf. Staðfesting á skráningu fyrir tannlæknastofu á Kirkjubraut 28, Akranesi. Auðkennisnúmer skráningar : 329363.
- 5.8 Guðríður Ebba Pálsdóttir. Staðfesting á skráningu fyrir nuddstofu á Brákarbraut 1-3 í Borgarnesi. Auðkennisnúmer skráningar er 329445.
- 5.9 Björgunarsveitinni Ósk í Dalabyggð. Staðfesting á skráningu fyrir flugeldasýningu á 31. desember 2022 í Búðardal. Auðkennisnúmer skráningar: 320881.

Lagt fram.

6 Tóbakssöluleyfi.

- 6.1 N1 ehf sækir um endurnýjað leyfi fyrir tóbakssölu í verslun N1 á Ólafsbraut 57, Ólafsvík. Leyfið gefið út 8. janúar 2023 og gildir í 4 ár.
- 6.2 N1 ehf sækir um endurnýjað leyfi fyrir tóbakssölu í verslun N1 á Brúartorgi 1 í Borgarnesi. Leyfið gefið út 8. janúar 2023 og gildir í 4 ár.
- 6.3 Olís ehf sækir um endurnýjað leyfi til sölu á tóbaki í verslun Olís á Brúartorgi 8 í Borgarnesi. Leyfið gildir frá 14. febrúar 2023 í 4 ár.
- 6.4 Hótel Húsafell ehf. sækir um endurnýjað leyfi fyrir tóbakssölu í Húsafell Shop, í Húsafelli. Leyfið gildir frá 6. febrúar 2023 í 4 ár.

Lagt fram.

7 Undanþágur vegna aldurs til sölu á tóbaki.

Nettó í Borgarnesi (Samkaup ehf) sækir um undanþágu fyrir tvö ungmenni sem starfa í versluninni. Útgefna undanþágur heilbrigðiseftirlits gilda frá 16. janúar til 16. júlí 2023.

8 Vöktunaráætlun fyrir Veitur ohf. vegna fráveitu á Akranesi.

Drög að vöktunaráætlun var kynnt. Í nýju starfsleyfi fyrir fráveitu Akraness er kveðið á um að vöktunaráætlun verði samþykkt í heilbrigðisnefnd og að hún verði endurskoðuð á fjögurra ára fresti.

Samþykkt

9 Beiðni um staðfestingu á leyfiskírteini fyrir hundapjálfun.

Vísun í heimild hundasamþykktar sveitarfélagana sem byggir á hollustuháttareglugerð nr. 941/2002. Umsækjandi er Sigrún Baldursdóttir hundapjálfari, Hundaskólinn á Skaganum. *Staðfest að umsækjandi uppfyllir kröfur sem gerðar eru af heilbrigðiseftirlitinu til hundaskóla.*

10 Önnur mál

- a. Rannveig Rögn Leifsdóttir hefur verið ráðinn í starf heilbrigðisfulltrúa og mun hún hefja störf 16. mars. Berglind Þórólfsdóttir mun láta af störfum í byrjun apríl n.k. starf hennar verður fljótlega auglýst til umsóknar.
- b. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands verður haldinn þann 22. mars kl. 11.00 að Hótel Hamri.

Samþykkt að heimila nefndarmönnum að sitja fundinn.

Fundi slitið kl 17:50

Fundargerð 919. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, þriðjudaginn 28. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Þorsteinsson, Kjartan Magnússon, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Freyr Antonsson, Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson. Guðmundur Ari Sigurjónsson og Nanný Anna Guðmundsdóttir tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir mættir í hans stað. Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varamaður hans Kjartan Magnússon sat fundinn í hennar stað.

Í byrjun fundar bauð formaður Kjartan Magnússon velkominn á sinn fyrsta stjórnarfund.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 918. fundar - 2301014SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 918. fundar stjórnar sambandsins frá 27. janúar 2023, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022 - 2301027SA

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022, sbr. 10. tölulið fundargerðar 918. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2023, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022 með stafrænni undirritun sinni.

3. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2022 - 2301028SA

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022, sbr. 11. tölulið fundargerðar 918. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2023, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022 með stafrænni undirritun sinni.

4. **Staða kjaramála - 2301032SA**
Sviðsstjóri kjarasviðs gerði munnlega grein fyrir stöðu kjaramála í febrúar 2023.
5. **Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**
Lögð fram fundargerð 17. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 15. febrúar 2023.
6. **Skipulagsmálanefnd sambandsins - 2210012SA**
Lögð fram fundargerð 48. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 22. febrúar 2023.
Stjórnin lýsir ánægju sinni yfir því að ráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp sem fjalla eigi um ákvæði lögheimilislaga um skráninga óstaðsettra í hús. Mikilvægt sé að í þeirri vinnu verði sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga virtur sem og skipulagsvald þeirra.
7. **Fundir Jónsmessunefndar - 2301035SA**
Lögð fram 27. fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 8. febrúar 2023. Rætt var um undirbúning að gerð samkomulags ríkis og sveitarfélaga á grundvelli LOF.
8. **Dagskrá landsþings sambandsins 2023 - 2301034SA**
Lögð fram drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023.
Stjórnin samþykkti fyrirbyggjandi drög og felur framkvæmdastjóra að boða landsþingsfulltrúa formlega til þingsins 31. mars nk.
9. **Minnisblað um ágang búfjár - 2301046SA**
Lagt fram minnisblað sambandsins til allra sveitarfélaga, dags. 3. febrúar 2023, um ágang búfjár.
Stjórnin samþykkir að sambandið eigi frumkvæði að því að koma á fundi milli fulltrúa innviðaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, matvælaráðuneytis, bændasamtakanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga til þess að koma á samráðshópi um heildarendurskoðun á lögum um fjallskil, afréttarmálefni og tengdri löggjöf.
10. **Þátttaka í þjóðfundi heima í héraði um framtíð skólalþjónustu - 2211003SA**
Lagður fram tölvupóstur frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, dags. 21. febrúar 2023, um þátttöku í þjóðfundi heima í héraði um framtíð skólalþjónustu.
Stjórnin hvetur kjörna sveitarstjórnarfulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga til að taka þátt í þjóðfundinum.
11. **Úrræði stjórnvalda vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd sem ekki hafa fengið stöðu sem flóttafólk - 2302021SA**
Lagt fram bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, mennta- og barnamálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar, dags. 22. febrúar 2023, um úrræði stjórnvalda vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd

sem ekki hafa fengið stöðu sem flóttafólk. Í bréfinu óskar sambandið eftir fundi með fulltrúum þessara ráðuneyta og stofnana til þess að ræða þær áhyggjur sem sveitarfélög hafa vegna málefnis umsækjenda með alþjóðlega vernd. Einnig kom fram að þetta málefni verður til umfjöllunar á landsþingi sambandsins 31. mars nk.

12. Fréttatilkynning frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga - 2302016SA

Lögð fram fréttatilkynning frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 17. febrúar 2023, um orkuskipti þar sem kemur fram að samtökin hafi hvatt öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög.

Stjórn sambandsins leggur til að fulltrúar í stjórn Samtaka orkusveitarfélaga komi inn á næsta fund stjórnar og geri grein fyrir málinu.

13. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA

Lögð fram fundargerð 81. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 31. janúar 2023.

14. Samstarfsyfirlýsing um úrvinnslu veiðarfæraúrgangs - 2106007SA

Lögð fram drög að samstarfsyfirlýsing milli sambandsins, Hafnasambands Íslands og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi sem stendur til að skrifa undir 6. mars nk. Einnig lagður fram samningur um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs veiðarfæra sem innihalda plast, dags. 27. október 2021 sem og minnisblað sem LMG lögmennt unnu fyrir Sorpu dags. 12. janúar 2023.

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði grein fyrir málinu á fundinum. Einnig sátu fundinn undir þessum lið Líf Magneudóttir og Eygerður Margrétardóttir, fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs, Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóra SORPU og Lúðvík Geirsson, formaður Hafnasambands Íslands. Tóku þau öll þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Stjórn sambandsins styður áform um Samstarfsyfirlýsingu um ráðstafanir til að stuðla að bættri söfnun og úrvinnslu veiðarfæraúrgangs. Mikilvægt er að í samningi milli Úrvinnslusjóðs og SFS verði uppsagnarákvæði eða endurskoðunarákvæði.

15. Tilnefning í kirkjugarðaráð - 2301045SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Þjóðkirkjunnar, dags. 17. febrúar 2023, þar sem Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Ásahrepps, er tilnefndur til áframhaldandi setu sem aðalmaður í kirkjugarðaráði, og Guðrún S. Magnúsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Bláskógabyggð, til vara.

16. Tilnefning í útflutnings- og markaðsráð - 2301058SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til utanríkisráðuneytisins, dags. 7. febrúar 2023, þar sem Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti Borgarstjórnar Reykjavíkurborgar, er tilnefnd sem aðalmaður í útflutnings- og markaðsráð, og Stefán Þór Eysteinnsson, formaður bæjarráðs í Fjarðabyggð, til vara.

17. **Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu - 2302009SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 17. febrúar 2023, um drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu, mál nr. S-31/2023.
18. **Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu - 2302015SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2023, um drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu, mál nr. S-30/2023.
19. **Starf framkvæmdastjóra sambandsins - 2301047SA**
Stjórn ræddi um ráðningu framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. Karl Björnsson, Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson viku af fundi undir þessum lið.

Fundi var slitið kl. 15:50

Fundargerð 920. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 17. mars kl. 12:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Helgi Kjartansson, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Walter Fannar Kristjánsson. Í fjarfundarsambandi voru Guðmundur Ari Sigurjónsson, og Jón Björn Hákonarson.

Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll og varafulltrúi hennar Helgi Kjartansson sat fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Staða kjaramála - 2301032SA

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins og Helgi Aðalsteinsson sérfræðingur á kjarasviði gerðu grein fyrir stöðu kjaramála í mars 2023.

Inga Rún Ólafsdóttir og Helgi Aðalsteinsson viku af fundi kl. 12:50.

2. Fjölgun NPA samninga á árinu 2023 - 2303011SA

Lagt fram bréf félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2023, um fjölgun NPA samninga á árinu 2023. Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, gerði grein fyrir málinu. Í máli hans kom fram að vinna er í gangi og líkur á jákvæðri niðurstöðu á næstu vikum.

Stjórnin þakkar þær skýringar sem fram komu á fundinum og óskar eftir því að endanlegar tillögur um fjölgun NPA-samninga verði kynntar á fundi stjórnar sem haldinn verður 30. mars n.k.

Valur R. Halldórsson, Guðjón Bragason og Anna G. Björnsdóttir viku af fundi kl. 13:00.

3. Ráðning framkvæmdastjóra sambandsins - 2301047SA

Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir og Ólafía B. Rafnsdóttir, ráðgjafar Attentus, komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir verklagi Attentus við ráðningu framkvæmdastjóra þar sem lögð er áhersla á hlutlægar og faglegar aðferðir við mat á umsækjendum.

Fundi var slitið kl. 14:00

Fundargerð 450. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, föstudaginn 17. febrúar kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Flosi Hrafn Sigurðsson, lögfræðingur Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri sambandsins, sem ritaði fundargerð.

Fyrir fundinn hélt stjórn vinnufund með Gísla Gíslasyni til að fara yfir tillögur hafnasambandsins að nýjum hafnalögum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 449. fundar - 2301001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 449. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 20. janúar 2023.

2. Veidafærasamningur við SFS - samstarfsráð - 2012002HA

Lögð fram drög að samstarfsyfirlýsingu milli Hafnasambands Íslands, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Sambands Íslenskra sveitarfélaga um ráðstafanir til að stuðla að bættri söfnun og úrvinnslu veiðarfæraúrgangs, dags. 14. febrúar 2023.

Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkir drög að samstarfsyfirlýsingunni og felur formanni að fylgja málinu eftir.

3. Sjúkvíaeldi - skýrsla Ríkisendurskoðunar - 2302002HA

Lögð fram stjórnarsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar um Sjúkvíaeldi - Lagaframkvæmd, stjórnarsýsla og eftirlit, dags. í janúar 2023. Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkti einróma eftirfarandi bókun:

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um sjúkvíaeldi felur í sér margar ábendingar sem áður hafa komið fram bæði af hendi sjávarútvegssveitarfélaga sem og fyrirtækja í fiskeldi. Sveitarfélögin hafa haft litla aðkomu að leyfisveitingaferli frá upphafi. Þá hefur eftirlit með atvinnugreininni verið gagnrýnt þar sem skort hefur á samstarf við sveitarfélögin um slíkt ásamt því að tekjustofn af greininni hefur ekki verið tryggður til samfélaganna þar sem eldið er stundað. Einnig hefur verið óskýrt hvernig á að rukka hafnagjöld af þessari atvinnugrein. Skýrslan endurspeglar og dregur fram hve litla aðkomu sveitarfélögin hafa haft að umgjörð atvinnugreinarinnar, ákvarðanatöku og stefnumótun er varðar hana. Í þeirri vinnu sem framundan er á grundvelli skýrslunnar er nauðsynlegt að sveitarfélögin og hafnasjóðir komi að þeirri vinnu ásamt samtökum þeirra.

4. **Umhverfiseinkunnarkerfi fyrir skemmtiferðaskip - Environmental Port Index (Epi) - 2302001HA**
Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, kynnti umhverfiseinkunnarkerfi Faxaflóa fyrir skemmtiferðaskip sem höfnin mun taka upp í ár.
5. **Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61-2003 - EES-reglur - 2210001HA**
Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (EES-reglur) sem innviðaráðherra hefur lagt fram á Alþingi.
Stjórn Hafnasambands Íslands hefur verulegar athugasemdir við 1.gr frumvarpsins sem hefur verið lagt fram og felur formanni að ganga frá umsögn hafnasambandsins í samvinnu við Faxaflóahafnir.
6. **Fundargerð Siglingaráðs - 2009019HA**
Lögð fram til kynningar fundargerð 37. fundar Siglingaráðs frá 19. janúar 2023.
7. **Hafnafundur 2023 - 2211002HA**
Formaður sagði frá hugmyndum sem er verið að ræða í tengslum við dagskrá hafnafundarins.
8. **Tillaga að nýjum hafnalögum - 2301003HA**
Lagðar fram tillögur Gísla Gíslasonar, fyrrverandi formanns stjórnar hafnasambandsins, að nýjum hafnalögum en farið var yfir tillögurnar á vinnufundi stjórnar.

Fundi var slitið kl. 12:40



D A G S K R Á

**Aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf.
miðvikudaginn 22. mars 2023 kl. 13
á Hótel Hamari, Borgarbyggð.**

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Ársreikningar félagsins
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Lagabreytingar
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.
8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Stjórnin

Kristinn Jónasson

From: Daðey Þóra Ólafsdóttir - SMV <dadey.thora.olafsdottir@sylumenn.is>
Sent: miðvikudagur, 1. mars 2023 08:48
To: Kristinn Jónasson; Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar; Slökkvilið Snæfellsbæjar; 'Heilbrigðiseftirlit Vesturlands'; Vinnueftirlitið - VER; 'vesturland@logreglan.is'
Subject: Umsagnarb.rekstrarl.G.II-Jadar 2, Jaðar 2,356 Snæfellsbær
Attachments: Ums.b.rek.G.II-Jadar 2,Jaðar 2, 356 Snæfellsbær_2023013555.pdf; Nákvæm teikning af húsnaði (PDF) 28.2.2023 17.31.15.pdf

Til umsagnaraðila

Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist rafræn umsókn Vetrarþjónustan ehf kt.691117-0300 um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, sem rekinn verður sem Jadar 2, að Jaðar 2 (F2220212), Breiðuvíkurbrepp, 356 Snæfellsbæ
Hjálagat fylgir umsagnarbeiðni ásamt teikningu.

Hér með er óskað umsagna frá viðtakendum þessa póst.

Kveðja,
Daðey

Með kveðju / Best regards

Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs

Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland

Heimilisfang / Address: Kirkjubraut 28 • 300 Akranes • Iceland

beinn sími/Direct tel.: +(354) 458 2352

Sími / Tel.: +(354) 458 2300

Vefur / URL: www.sylumenn.is • [Fyrirvari - Disclaimer](#) | [Sylumenn \(island.is\)](http://Sylumenn.island.is)

Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsóknna og í boði er að halda fjarfundi. Ef þú átt erindi á skrifstofur embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.



Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Slökkvilið Snæfellsbæjar
Vinnueftirlitið
Lögreglustjórnin á Vesturlandi

Málsnúmer: 2023-013555
Akranesi, 1. mars 2023

Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi

Umsækjandi: Vetrarþjónustan ehf., kt. 691117-0300, Grundarbraut 6b, 355 Ólafsvík.
Forsvarsmáður: Kolfinna Snæbjörg Haraldsdóttir, kt. 280487-2449, Ennisbraut 21, 355 Ólafsvík.
Sími: 8657402. **Netfang:** kolfinna@glacierparadise.is

Tegund umsóknar: Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II. H-frístundahús


Heiti staðar: **Jadar 2**
Staðsetning: Jadar 2 (F2220212)
Breiðuvíkurbreppur
356 Snæfellsbær

Fasteignanúmer: 2220212
Rýmisnúmer: 010101
Hámarksfjöldi gesta: 6

Hámarksgestafjöldi: 6 gestir.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðnar þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. **Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda**

Umsagnir óskast sendar á netfangið vesturland.leyfi@syslumenn.is. Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Dáey Þóra Ólafsdóttir,
Sviðsstjóri þjónustusviðs

Kristinn Jónasson

From: Daðey Þóra Ólafsdóttir - SMV <dadey.thora.olafsdottir@sylumenn.is>
Sent: miðvikudagur, 8. mars 2023 08:37
To: Kristinn Jónasson; Snæfellsbær; Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar; Slökkvilið Snæfellsbæjar; 'Heilbrigðiseftirlit Vesturlands'; Vinnueftirlitið - VER; 'vesturland@logreglan.is'
Subject: Umsagnarb.rekstrarl.G.II-Ólafsvík Guesthouse, Brautarholt 7 e.h., Ólafsvík
Attachments: Umsagnarb.rekstrarl.G.II-Ólafsvík Guesthouse, Brautarholt 7 e.h.,Ólafsvík_2023006745.pdf; 1935.pdf

Til umsagnaraðila

Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist rafræn umsókn Ólafsvík Guesthouse ehf kt.550722-1430 um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund B-stærra gistiheimili, sem rekinn verður sem Ólafsvík guesthouse að Brautarholti 7 e.h. (F2103445), Ólafsvík, 356 Snæfellsbæ.

Hjálagt fylgir umsagnarbeiðni ásamt teikningu.

Hér með er óskað umsagna frá viðtakendum þessa pósts.

Kveðja,
Daðey

Með kveðju / Best regards

Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs

Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland

Heimilisfang / Address: Stílholt 16-18 • 300 Akranes • Iceland

beinn sími/Direct tel.: +(354) 458 2352

Sími / Tel.: +(354) 458 2300

Vefur / URL: www.sylumenn.is • [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundi. Ef þú átt erindi á skrifstofur embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.



Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Slökkvilið Snæfellsbæjar
Vinnueftirlitið
Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Málsnúmer: 2023-006745
Akranesi, 8. mars 2023

Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi

Umsækjandi: Ólafsvík Guesthouse ehf., kt. 550722-1430, Brautarholti 7, .
Forsvarsmáður: Ólafur Vignir Sigurðsson, kt. 090747-4609, Sandholt 45, 355 Ólafsvík. **Sími:** 6443838. **Netfang:** brautarholt7@gmail.com

Tegund umsóknar: Umsókn um leyfi til reksturs gististaðir í flokki II, tegund B-stærri gistiheimili-


Heiti staðar:	Ólafsvík Guesthouse	
Staðsetning:	Brautarholt 7 (F2103445), 356 Snæfellsbær.	
Fasteignanúmer:	Rýmisnúmer:	Hámarksfjöldi gesta:)
2103445	010201	10

Hámarksgestafjöldi: 10 gestir.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðnar þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. **Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda**

Umsagnir óskast sendar á netfangið vesturland.leyfi@syslumenn.is. Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi


Dáey Þóra Ólafsdóttir,
Sviðsstjóri þjónustusviðs.

Breiðabliki 13.mars 2023

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
v.t. Kristinn Jónasson, bæjarstjóra

Efni: Svar við erindi Snæfellsbæjar, tilv. 2300140-01

Ágæti bæjarstjóri og bæjarstjórn.

Erindi frá Kristni Jónassyni bæjarstjóra, var tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps þann 9. mars 2023.

Eftirfarandi bókun var færð í fundargerð við afgreiðslu málsins.

1. Erindi frá bæjarstjóra Snæfellsbæjar, Kristni Jónassyni, dagsett 24.2.2023.
Varðandi: Skólavist grunn- og leikskólabarna í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps þakkar bæjarstjóra Snæfellsbæjar fyrir erindið.


Staðan er sú að ákveðið hefur verið að fara í samningaviðræður við Sveitarfélagið Stykkishólm um leik- og grunnskólamál og er það ákvörðun sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps að halda sig við þær viðræður.

Því telur sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps ekki tímabært að fara í frekari samningaviðræður við Snæfellsbæ um skólamál að svo stöddu.

Þess ber að geta að í dag er Eyja- og Miklaholtshreppur með samkomulag við Snæfellsbæ um leikskólapláss á Lýsuhóli, sem að hreppsþúar hafa ekki séð sér fært að nýta.

Oddvita er falið að svara erindinu.

F.h. sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps

Oddviti
Eyja- og Miklaholtshrepps


Sigurbjörg Ottesen, oddviti



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 15. mars 2023

Tilv.: IRN22010575/4.10.3

Efni: Hvatning vegna tillagna verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa

Verkefnisstjórn undir forystu Guðveigar Eyglóardóttur, forseta sveitarstjórnar Borgarbyggðar, skilaði af sér yfirgripsmiklum tillögum til bæta starfsaðstæður og starfskjör kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum þann 24. nóvember síðastliðinn. Verkefnisstjórnin var skipuð til að vinna að aðgerð innan gildandi sveitarstjórnaráætlunar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa. Í samræmi við aðgerðina byggjast tillögurnar á greiningu á starfsaðstæðum og starfskjörum kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum hér á landi og á hinum Norðurlöndunum. Áhersla var lögð á að greina ástæður þess að endurnýjunarhlutfall meðal kjörinna fulltrúa í íslenskum sveitarstjórnnum er hærra en í öðrum norrænum grannríkjum.

Í lokaskýrslu verkefnisstjórnarinnar kemur fram að álag, ófullnægjandi starfsaðstæður, erfið samskipti og óánægja með starfskjör eigi stærstan þátt í háu endurnýjunarhlutfalli (6/10) meðal kjörinna fulltrúa í íslenskum sveitarstjórnnum síðustu ár. Verkefnisstjórnin leggur til að brugðist verði við vandanum með 15 tillögum um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum. Tillögurnar snúa að hluta til að breytingum á lögum en að öðru leyti að fræðslu og starfskjörum sem sveitarstjórnir geta sjálfar haft áhrif á án lagabreytinga.

Með þessu bréfi viljum við fylgja úr hlaði þeim tillögum sem snúa að sveitarstjórnunum sjálfum í þeim tilgangi að draga úr álagi, bæta starfsaðstæður og samskipti kjörinna fulltrúa sín á milli og við íbúa. Fyrst og fremst viljum við hvetja sveitarstjórnir til að móta sér markvisst vinnufyrirkomulag til að draga úr álagi á kjörna fulltrúa á hverju kjörtímabili. Við þróun vinnulags verði tekið mið af því að stuðla að góðu samstarfi innan hópsins, markvissum vinnubrögðum og eðlilegu tilliti til fjölskylduábyrgðar. Sveitarstjórnnum er bent á námsefni Sveitarfélagaskóla Sambands íslenskra sveitarfélaga þar að lútandi.

Með sama hætti er ástæða til að minna á heimild 42. gr. sveitarstjórnarlaga til framsals fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála til fastanefndar eða tiltekins starfsmanns með ákveðnum skilyrðum. Með nýtingu þess og heimildar 6. mgr. 55. gr. sömu laga um verksvið framkvæmdastjóra (sveitar/bæjar/borgarstjóra) má létta af kjörnum fulltrúum álagi og auka svigrúm þeirra til að einbeita sér að pólitískri stefnumótun.

Bent er á mikilvægi þess að kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum sé tryggður aðgangur að nauðsynlegum tækjabúnaði á borð við síma og tölvu eða þeim veittur styrkur til kaupa á slíkum tækjum. Eðlilegt er að greitt sé fyrir kostnað af notkun tækjanna í þágu sveitarfélagsins með sanngjörnum hætti. Jafnframt sé öllum kjörnum fulltrúum tryggður aðgangur að hentugu húsnæði til að taka á mótí erindum íbúa og sinna öðrum skyldum sínum í þágu sveitarstjórnarinnar.

Vaxandi þáttur í andlegu álagi á kjörna fulltrúa felst í erfiðum samskiptum, hatursorðræðu, áreiti og kynbundu ofbeldi. Með vísun til þess er sveitastjórninni bent á að skoða kosti þess að setja sér samskiptasáttmála og nýta sér fræðsluefni Sveitarfélagaskólans um hvernig árangursríkast sé að bregðast við því að neikvæð gagnrýni fari yfir ásættanleg mörk. Jafnframt er sveitarstjórnin hvött til þess að veita kjörnum fulltrúum handleiðslu og/eða stuðning sérfræðinga á kostnað sveitarfélagsins þegar á þurfi að halda í tengslum við neikvæð samskipti, áreiti og ofbeldi.

Innviðaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga líta niðurstöður greiningarvinnu verkefnisstjórnarinnar um erfiðar vinnuaðstæður kjörinna fulltrúa alvarlegum augum og munu leggja sig fram um að fylgja eftir tillögum hennar til að bæta líðan, starfsaðstæður og kjör fulltrúa í sveitarstjórnnum. Einn liður í því felst í drögum að aðgerð innan komandi aðgerðaráætlunar í sveitarstjórnarmálum um stofnun fagteymis til að vernda kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum og á Alþingi gagnvart einelti, ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni. Niðurstöður kannana Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á líðan þessara hópa gefur til kynna að þeir verði fyrir talsverðu áreiti af þessu tagi og í meira mæli en gerist og gengur á almennum vinnumarkaði. Vonir standa til að hægt verði að ýta vinnu fagteymisins úr vör á miðju yfirstandandi ári.

Frekari upplýsingar um tillögur verkefnisstjórnar um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa má nálgast í lokaskýrslu hennar á vefsíðunni www.stjornarradid.is.

Við vonum að þessar upplýsingar reynist ykkur gagnlegar og óskum ykkur velfarnaðar í störfum ykkar fyrir sveitarfélögin.

Virðingarfyllt

Sigurður Ingi Jóhannsson
innviðaráðherra

Heiða Björg Hilmisdóttir
formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

 Fullgild rafren undirskrift

SIGURÐUR INGI JÓHANSSON

2023-03-15 21:03:01 GMT

Ástaka: Undirskrift

 Fullgild rafren undirskrift

HEIÐA BJÖRG HILMISDÓTTIR

2023-05-15 22:17:08 GMT

Ástaka: Undirskrift

Kristinn Jónasson

From: Kristfríður Rós Stefánsdóttir
Sent: föstudagur, 10. mars 2023 09:26
To: Lilja Ólafardóttir
Cc: Kristinn Jónasson
Subject: HSAM: Stýrihópur

Sæl

Nú stýttist í að við skrifum undir og verðum Heilsueflandi Samfélag.
Ég er búin að mynda stýrihóp sem skipa eftirfarandi aðila:

Stýrihópur:
Vilborg Lilja (grunnskóli)
Alma Clausen (grunnskóli, íþróttakennari)
Hermína (leikskóli)
Gunnhildur (velferðanefnd)
VANTAR BÆJARSTJÓRN

Tengiliður stýrihóps: Kristfríður Rós

Varamenn:
Kristgeir (velferðanefnd)
Linda (leikskóli)
Jóhanna (íþróttá- og æskulýðsfulltrúi)
VANTAR BÆJARSTJÓRN

Vantar tvo aðila úr bæjarstjórn einn í stýrihóp og einn sem varamann.
Ég skal sjá um að panta veitingar sem verða í boði mánudaginn 20. mars. eru einhvað sem ég þarf að hafa í huga með það eða sérstakt?

Það er gaman að segja frá því að íþróttá- og æskulýðsnefnd stefnir á að sækja um styrki fyrir útivistar líkamsræktartæki sem verður lagt fyrir bæjarstjórn sem verður meðfram göngustígnum frá Rif og út á Hellissandi, og í Ólafsvík.

Einnig erum við mjög virk þegar kemur að heilsueflingu bæði leikskólinn og grunnskólinn, einnig Dvalarheimilið og einnig er nóg úrval af hreyfingu fyrir eldri borgara hvort sem það er sund, boccia eða labba í íþróttahúsinu.

B. Kv.

Kristfríður Rós Stefánsdóttir
Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi í Snæfellsbæ

Netfang: kristfridur@snb.is
Sími: 433-9912/ 844-8102

Kristinn Jónasson

From: Bjarni Ómar Haraldsson <bjarni.omar.haraldsson@samband.is>
Sent: föstudagur, 17. mars 2023 12:53
To: Kristinn Jónasson; lilja@skrifstofa.snb
Cc: Jónína Hauksdóttir; Haraldur F. Gíslason; Anna Ingadóttir; Raket Guðmundsdóttir
Subject: Stýrihópur BVL - Snæfellsbær

Ágæti viðtakandi

Í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag leikskólakennara sem undirritaður var 27.4.2022 var samið **fylgiskjal um framkvæmd betri vinnutíma í leikskólum**

Þitt sveitarfélag hafði tímafrest til að skila tímasettri áætlun um hvernig markmiðum fylgiskjalsins yrði náð. Sá tímafrestur er liðinn og hefur stýrihóp verkefnisins ekki borist tímasett áætlun.

Markmiðin eru eftirfarandi:

a. Að nýta þau tækifæri sem felast í betri vinnutíma til að ná fullri styttingu vinnutímans á gildistíma kjarasamningsins. Kjarasamningurinn rennur út 31. mars svo sveitarfélagið hefur nú um tvær vikur til að skila inn tímasettri áætlun þar sem markmiðunum er náð.

b. Að betri vinnutími í leikskólum valdi ekki óhóflegu álagi á starfsfólk. Sá mælikvarði sem samið var um að nota til að meta á álag er „hlutfall dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks“. Meðaltal sveitarfélaga 2020 var 3.67 og miðað við fulla styttingu og er það hlutfall sem miða skal við.

Nú standa yfir kjaraviðræður við Félag leikskólakennara. Stýrihópurinn og samningsaðilar vonast til þess að þau sveitarfélög sem ekki hafa lokið þessu verkefni geri það svo fljótt sem verða má. Mikilvægt er að það sem samið var um í síðasta kjarasamningi verði komið til framkvæmda um næstu mánaðmót þannig að þetta verkefni standi ekki í vegi fyrir gerð og framkvæmd næsta kjarasamnings.